



Vestfjarðastofa


Fundur með framboðum 2026

Hlutverk Vestfjarðastofu


Vestfjarðastofa samþættir krafta landshlutans, fylgir eftir hagsmunum umhverfisins, samfélagsins og efnahagslífs byggðanna og stuðlar þannig að öflugum og sjálfbærum Vestfjörðum.

Vestfjarðastofa styður einstaklinga, fyrirtæki, félagasamtök og sveitarfélög á Vestfjörðum (Fjórðungssamband Vestfirðinga) við að ná árangri á sviði nýsköpunar og atvinnuþróunar.

Vestfjarðastofa er í forsvari gagnvart stjórnvöldum, sinnir markaðssetningu og svæðasamstarfi á Vestfjörðum.



Starfssvæði og starfsstöðvar Vestfjarðastofu



Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga fundar mánaðarlega innan dagskrár stjórnarfunda Vestfjarðastofu en heldur einnig sjálfstæða fundi í aðdraganda Fjórðungþinga.

Fundargerðir stjórnar eru birtar á vefsíðunni www.vestfirdir.is og eru jafnframt sendar sveitarfélögum til kynningar í sveitarstjórn.

Gylfi Ólafsson

Dagný Finnbjörnsdóttir

Magnús Ingi Jónsson

Þórkatla Soffía Ólafsdóttir

Hildur Aradóttir

Ísafjarðarbæ, formaður

Ísafjarðarbæ

Bolungarvíkurkaupstað

Vesturbyggð

Kaldrananeshreppi

Áheyrnarfulltrúar:

Arinbjörn Bernharðsson Árneshreppi

Bragi Þór Thoroddsen

Jóhanna Ösp Einarsdóttir

Súðavíkurhreppi

Reykholahreppi

Sjá nánar um störf stjórnar í samþykktum FV



Stjórn Vestfjarðastofu

Stjórn Vestfjarðastofu fundar mánaðarlega og hefur frá upphafi nýtt fjarfundabúnað með góðum árangri. Gert er ráð fyrir einum staðfundi stjórnar á ári sem er vinnufundur stjórnar og starfsmanna.

Fundargerðir stjórnar eru birtar á vefsíðunni www.vestfiridir.is og eru jafnframt sendar sveitarfélögum til kynningar í sveitarstjórn.

Gylfi Ólafsson

Dagný Finnbjörnsdóttir

Magnús Ingi Jónsson

Pórkatla Soffía Ólafsdóttir

Hildur Aradóttir

Gauti Geirsson

Guðmundur Fertram Sigurjónsson

Sif Huld Albertsdóttir

Anna Björg Þórarinsdóttir

Áheyrnarfulltrúar:

Arinbjörn Bernharðsson

Bragi Þór Thoroddsen

Jóhanna Ösp Einarsdóttir

Lilja Sigurðardóttir

Ísafjarðarbæ, formaður

Ísafjarðarbæ

Bolungarvíkurkaupstað

Vesturbyggð

Kaldrananeshreppi

Háafelli

Kerecis

Dokkan brugghús

Galdrasýningin á Ströndum

Árneshreppi

Súðavíkurhreppi

Reykhólahreppi

Oddi hf

Sjá nánar um störf stjórnar í samþykktum Vestfjarðastofu



Starfsfólk Vestfjarðastofu



AÐALSTEINN

SVIÐSSTJÓRI
BYGGÐAMÁLA
FJÓRÐUNGSSAMBAND



ANNSKA

VERKEFNASTJÓRI
MIÐLUNAR



EMBLA

FJÁRSJÓÐUR
FJALLA OG FJARÐA



ERNA

VERKEFNASTJÓRI
FARSÆLDARRÁÐS



GUÐRÚN ANNA

TEYMSSTJÓRI
ATVINNU- OG
BYGGÐAÞRÓUN



GRÉTA

BÓKHALD



MAGNEA

SKRIFSTOFUSTJÓRN &
SÓKNARÁÆTLUN



MAGNÚS

NÝSKÖPUN OG
FJÁRFESTINGAR



HJÖRLEIFUR

VERKEFNASTJÓRI
UMHVERFIS- OG
LOFTSLAGSMÁLA



KRISTÍN

SKRIFSTOFA



SIRRÝ

FRAMKVÆMDA-
STJÓRI



SKÚLI

MENNINGARFULLTRÚI



STEINUNN

VERKEFNASTJÓRI



SÖLVI

TEYMSSTJÓRI
MARKAÐS & MENNINGAR



VILBORG

VERKEFNASTJÓRI



Fjórðungssamband
Vestfirðinga



Markaðstofa
Vestfjarða



Vestfjarðastofa

Leiðir til áhrifa

Hægt er að hafa áhrif á starfsemi Vestfjarðastofu með fjölbreyttum hætti. Ef um er að ræða áætlanagerð til lengri tíma eru ávallt haldnir opnir fundir þar sem hægt er að koma með ábendingar og tillögur.



SÓKNARÁÆTLUN OG SVÆÐISSKIPULAG



Framtíðarsýn til 25 ára. Hver sóknaráætlun gildir í 5 ár, framtíðarsýn endurskoðuð. Hvert 5 ára tímabil er horft til þess hvað gera þarf á því tímabili til að vinna að framtíðarsýn náist. Árleg starfsáætlun spyr sömu spurninga fyrir hvert ár.

Svæðisskipulag Vestfjarða

Stefnumarkandi áætlun

- Sameiginleg
framtíðarsýn allra 8
sveitarfélaga á
Vestfjörðum til 2050
- **Leiðarljós** – ekki
framkvæmdaáætlun.

25 ára tímarammi


- Tímabilið 2025–2050.
- Stefnt að **11.000**
íbúum á Vestfjörðum
árið 2050 (nú um
7.500).

Sameiginlegt verkfæri

Hreyfiafl framfara og
farvegur hagsmunagæslu
gagnvart ríkinu,
stofnunum þess og
öðrum aðilum.

Hlutverk svæðisskipulags

Grunnur að sameiginlegum áætlunum



Grunnur til að samræma skipulag sveitarfélaga

Framtíðarsýn Vestfjarða árið 2050

Vestfirðir eru einstakt svæði til að njóta hreinnar náttúru og kyrrðar. Svæðið er fjölbreytt og framúrskarandi til búsetu, atvinnu og heimsóknna. Þar er öflugt, vaxandi, alþjóðlegt þekkingarsamfélag sem einkennist af kraftmikilli sköpun, sterkri sjálfsmynd og umhverfisvitund.



Einstök náttúra

Víðáttumikil óbyggð svæði og sterk landslagsheildir viðhaldnar



Blómstrandi samfélag

Góðir innviðir, öflug þjónusta og fjölbreytt atvinnulíf



Samheldni

Samfélag sem byggir á virðingu fyrir fólki, umhverfi og auðlindum



Fjórðungssamband
Vestfirðinga



Markaðstofa
Vestfjarða



Vestfjarðastofa

Markviss vöxtur

11.000

íbúar árið 2050

Markviss vöxtur með samstilltu átaki sveitarfélaga, innviðauppbyggingu og fjölbreyttu atvinnulífi.

Fólksfjölgun

Markviss vöxtur frá núverandi stöðu með skipulögðum aðgerðum

Fjölbreytt húsnæði

Fjölbreytt atvinnulíf og bætтар samgöngur ýta undir þörf fyrir húsnæðisuppbyggingu í öllum kjörnum

Betri samgöngur

Bætтар samgöngur fækka hálandisvegum og styrkja samkeppnishæfni

Öflugt atvinnulíf

Fjölbreytt störf sem laða að og halda fólki á Vestfjörðum. Uppbygging þekkingarumhverfis mikilvæg

Ungmennaráð Vestfjarða:

Húsnæðismál

Fjölbreytt og viðráðanlegt húsnæði til að festa rætur, bæði í þéttbýli og dreifbýli.

Samgöngur

Styttri ferðatími og efling vistvænna ferðamáta, almenningssamgangna og hjólaleiða.

Menntun & Nýsköpun

Öflugt háskólasamfélag, fjarvinna og rými fyrir frumkvöðlastarf.

Geðheilbrigði & Samfélag

Aðgengi að öruggum og hvetjandi rýmum fyrir menningu, íþróttir og samveru.

Helstu áskoranir



Húsnæðismál

Skortur á fjölbreyttu og hagkvæmu húsnæði, sérstaklega fyrir ungt fólk og nýja íbúa. Byggingarkostnaður hærri en markaðsverð. Kallar á nýjar lausnir í fjármögnun



Samgöngur og innviðir

Vegakerfi, vetrarþjónusta, raforkuöryggi og fjarskipti eru lykipættir í samkepnishæfni Vestfjarða. Styrking innviða nauðsynleg forslenda til að bæta lífsgæði og efla atvinnulíf.



Loftslagsbreytingar

Markmið um kolefnishlutleysi 2040. Öfgar í veðurfari og hækkandi sjávarborð krefjast aðgerða í skipulagi og innviðauppbyggingu. Mikilvægt að auka viðnámsþrótt samfélagsins.



Breytt aldurssamsetning

Þjónusta við börn og aldraða þarf að þróast í takt við fjölgun íbúa og breyttar þarfir. Sérhæfð grunnþjónustakallar á aukið samstarf sveitarfélaga.



Geðheilbrigði og félagslegar áskoranir

Þéttirín samfélög og samkennd hafa verið taldri helstu kostir þess að búa á Vestfjörðum. Teikn á lofti um aukna einsemd og dvínandi hamingju. Kallar á aukna áherslu á geðheilbrigði og félagslega vikni.



Inngilding nýrra íbúa

Áframhaldandi fjölgun íbúa og fólks af erlendum uppruna á svæðinu mun móta samfélög á Vestfjörðum á komandi árum. Leggja þarf áherslu á öflugna móttöku nýrra íbúa og styðja þá í aðlögun. Mikilvægt að efla jákvæða sjálfsmynd Vestfirðinga.



Fjórðungssamband
Vestfirðinga








Markaðstofa
Vestfjarða



Vestfjarðastofa

Fimm meginstoðir

 <p>Náttúra og auðlindir. <i>Jafnvægi verndar og nýtingar, orkuöflun og loftslagsmál.</i></p>	 <p>Grunnkerfi. <i>Samgöngur, byggðamynstur og fjarskipti.</i></p>	 <p>Samfélagsauður. <i>Lýðheilsa, menntun, inngilding nýrra íbúa.</i></p>	 <p>Atvinna og nýsköpun. <i>Bláa hagkerfið, hringrásarhagkerfið og ferðaþjónusta.</i></p>	 <p>Menningarauður. <i>Skapandi fólk, drifandi menningarsamfélag.</i></p>
---	--	---	---	---

Náttúran sem auðlind og aðdráttarafli

Náttúran er helst aðdráttarafli Vestfjarða, grundvöllur atvinnulífs og uppspretta auðlinda. Náttúrunni stafar ógn af lofslagsbreytingum og athöfnum manna. Finna þarf jafnvægi milli verndar og nýtingar, orkuöflunar og friðunar með virðingu fyrir náttúru og samfélagi að leiðarljósi.

- Dæmi um hlutverk sveitarfélaga:
 - Stýra landnýtingu í aðalskipulagi fyrir veitukerfi, ásýnd, áningarstaði, atvinnuuppbyggingu (lóðir)
 - Tengja lykilsvæði fyrir útivist og bæta aðgengi
 - Skoða stofnun þjóðgarðs sem lyftistöng fyrir ferðaþjónustu



Grunnkerfi

Öruggir og tryggir innviðir eru kjarni blómlegra samfélaga. Vestfirðir hafa setið eftir í innviðauppbyggingu sem hefur hamlað atvinnulífi og byggðarþróun. Því þarf að stórauka innviðauppbyggingu til að efla byggð, auka samkeppnishæfni og búa til betri heimkynni. Það verður meðal annars gert með því að bæta vegi og auka öruggi þeirra, tryggja afhendingu endurnýjanlegrar orku og styðja við vistvæna ferðamáta, með sjálfbærni að leiðarljósi.

Dæmi um hlutverk sveitarfélaga:

- Staðsetning virkjana, flutningur og dreifing raforku
- Samræmd úrgangsstjórnun
- Kortleggja byggingarland og forgangsráða í skipulagi
- Greina hvort byggingarland sé nægt til að rúma vöxt
- Efla þéttbýliskjarna og vernda staðbundin sérkenni
- Ýta undir framboð af fjölbreyttum íbúðagerðum
- Sinna hagsmunagæslu gagnvart ríkisvaldinu



Samfélagsauður

Vestfirðir búa yfir miklum samfélagsauði sem einkennist af samheldni, sjálfstrausti, þátttöku og fjölbreytileika. Fólksfækkun, skortur á þjónustu og tækifærum til menntunar gætu veikt samfélagið. Því þarf að hlúa að þáttum sem efla samfélagsauðinn, styrkja lýðheilsu, félagsleg tengsl, farsæld barna og þjónustu við íbúa. Það verður gert með því að hækka menntunarstig, styðja við fjölmenningu og efla samfélagsþróun með samráð og samstarf að leiðarljósi.

Dæmi um hlutverk sveitarfélaga:

- Virk móttökuáætlun og inngilding fólks af erlendum uppruna
- Skipuleggja og viðhalda stöðum þar sem fólk hittist – sundlaugar, græn svæði, dagskrá fyrir ungmenni
- Auka faglega getu í sérhæfðri þjónustu með auknu samstarfi sveitarfélaga (Velferðarþjónusta Vestfjarða, skólaþjónusta ofl.)
- Áhersla á lýðheilsu, auka getu samfélaga til að tryggja farsæld barna og veita öldruðum góða þjónustu



Atvinna og nýsköpun

Aukin fjölbreytni í atvinnulífi, með áherslu á nýsköpun, er lykillinn að því að tryggja svæðinu sjálfbæran vöxt og viðnámsþrótt. Auðlindir lands og sjávar eru grunnstoðir atvinnulífs og nýsköpunar á Vestfjörðum þar sem útflutningsdrifið hagkerfi hefur einkum byggt á frumframleiðslu.

Dæmi um hlutverk sveitarfélaga:

- Tryggja innviði, hafnaraðstöðu og lóðir fyrir vaxandi atvinnulíf (sjávartengdur iðnaður, gististaðir, afþreying fyrir ferðamenn)
- Styðja við nýsköpunarsetur og rannsóknaraðila í skipulagi og framkvæmd
- Efla skilvirka og stafræna stjórnsýslu til að laða að ný fyrirtæki og frumkvöðla
- Taka þátt í hagsmunagæslu til dæmis varðandi öflugar starfsstöðvar opinberra aðila í héraði til að tryggja samkeppnisstöðu atvinnulífs
- Nýta aðalskipulag til að ýta undir uppbyggingu innviða sem styðja við ferðaþjónustu (uppbygging salerna og áningarstaða)
- Markviss stýring skemmtiferðaskipa
- Horfa til heildstæðra atvinnusvæða



Menningarauður

Menning á Vestfjörðum er einstök sameiginleg auðlind sem mótar sjálfsmynd samfélagsins. Hún byggir á arfi fortíðar en horfir til framtíðar, og þjónar sem virkur þáttur í þróun sjálfstæðs og skapandi samfélags. Menningarauðurinn stendur frammi fyrir áskorun vegna fámennis og aukinnar samkeppni um athygli fólks. Því þarf að efla forsendur fyrir skapandi greinar, öfluggu menningarlífi, sjálfstæðri listsköpun og verndun menningararfsins. Það verður gert með því að styðja við þátttöku, frumkvæði fólks og fjölbreytni með sköpun og virkni að leiðarljósi.

Dæmi um hlutverk sveitarfélaga:

- Styrkja menningarstarf sem byggir á þátttöku nærsamfélagsins
- Efla aðstöðu og möguleika hvers samfélags til menningarstarfsemi
- Tryggja rekstrargrundvöll menningarhúsa og félagsheimila sem gegna lykilhlutverki í hverju samfélagi
- Efla menningaruppeldi barna og ungmenna með fjölbreyttum listgreinum og skapandi verkefnum
- Þróa og styðja við menningarhátíðir og viðburði sem endurspeglar fjölbreytileika samfélagsins á Vestfjörðum



01

Leiðarljós í aðalskipulagi

Aðalskipulög sveitarfélaga þurfa að horfa til Svæðisskipulags. Það gefur rök og bakland í samskiptum við ríkið.

04

Stefnur og áætlanir sem verkfæri

Nýta sameiginlegar áætlanir til að ná markmiðum sveitarfélaga.

02

Sameiginleg samningstaða

8 sveitarfélög tala sama máli. Fjórðungurinn allur hefur mun meiri vigt heldur en eitt sveitarfélag.

05

Tími framkvæmda kominn

Stefnan er skýr, aðgerða er þörf. Svæðisskipulagið leggur línur sem hægt er að fylgja næstu árin.

03

Forgangsröðun verkefna

Svæðisskipulagið eru breiðu strokurnar en á hverjum tíma forgangsráða sveitarfélög verkefnum til að markmið náist

06

Endurskoðun eftir kosningar

Svæðisskipulagsnefnd kemur saman eftir kosningar og metur hvort endurskoðunar sé þörf.



Fjórðungssamband
Vestfirðinga



Markaðstofa
Vestfjarða



Vestfjarðastofa

Framfylgd og næstu skref

- Nóv 2025** Svæðisskipulagsnefnd samþykkir tillögu til kynningar
- Feb 2026** Kynningartillaga birt
- Apríl - Okt 2026** Umsagnir, staðfesting sveitarfélaga, endanlegt skipulag staðfest af Skipulagsstofnun
- 2026–2028** Sveitarfélög endurskoða aðalskipulag í samræmi við svæðisskipulag
- Eftir kosningar** Svæðisskipulagsnefnd metur hvort endurskoðunar sé þörf

Næstu skref

- Við erum í lokafasanum Staðfest skipulag sem felur í sér:
 - Formlega afgreiðslu í svæðisskipulagsnefnd
 - Samþykki sveitarstjórna
 - Staðfestingu Skipulagsstofnunar

Nýtt svæðisskipulag

ferli við gerð svæðisskipulags

VI. kafli skipulagslaga
3. kafli skipulagsreglugerðar

Skipulagslög
Skipulagsreglugerð

Lýsing	<p>Sveitarstjórnir taka ákvörðun um að vinna svæðisskipulag og koma á fót svæðisskipulagsnefnd</p> <p>Svæðisskipulagsnefnd tekur saman lýsingu á skipulagsverkefninu</p> <p>Hlutaðeigandi sveitarstjórnir samþykkja skipulagslýsingu</p>	9. gr. & 22. gr. gr. 2.6. 1. mgr. 23. gr. gr. 3.2.2-3.2.3.
Tillaga á vinnslustigi	<p>Svæðisskipulagsnefnd leggur lýsingu fram til kynningar</p> <p>Lýsing verkefnis er kynnt</p> <p>Leitað er eftir umsögnum og athugasemdum við lýsingu. Leggja má fram samantekt á umsögnum og viðbrögð við þeim eftir því sem við á</p>	1. mgr. 23. gr. gr. 3.2.4.
Tillaga til athugunar	<p>Unnið er að gerð vinnslutillögu, mótun stefnu og umhverfismats áætlunar</p> <p>Svæðisskipulagsnefnd leggur tillögu fram til kynningar</p> <p>Kynning tillögu á vinnslustigi</p> <p>Óskað er eftir umsögnum og athugasemdum við vinnslutillögu. Leggja má fram samantekt á umsögnum og viðbrögð við þeim eftir því sem við á</p>	gr. 3.3- 3.5. 2. mgr. 23. gr. gr. 3.6.1.
Tillaga til auglýsingar	<p>Unnið er að frekari mótun tillögu, stefnu og umhverfismati</p> <p>Hlutaðeigandi sveitarstjórnir fjalla um tillögu og samþykkja að auglýsa</p> <p>Svæðisskipulagsnefnd leggur fram þá tillögu sem samþykkt hefur verið að auglýsa</p> <p>Skipulagsstofnun tekur tillögu til athugunar og afgreiðir</p> <p>Gerir stofnunin ekki athugasemd, er tillaga auglýst. Telji stofnunin tillöguna ekki fullnægja kröfum um svæðisskipulag leitar hún samkomulags við svæðisskipulagsnefnd um breytingar</p>	gr. 3.3-3.5. 3. mgr. 23. gr. gr. 3.6.1. 3. mgr. 23. gr. gr. 3.6.2.
Tillaga til umfjöllunar	<p>Svæðisskipulagsnefnd fjallar um tillögu hafi Skipulagsstofnun gert athugasemdir, lagfærir m.t.t. þeirra eða ákveður að auglýsa hana óbreytta ásamt athugasemdum stofnunarinnar</p> <p>Svæðisskipulagsnefnd leggur tillögu fram til auglýsingar</p> <p>Auglýsing svæðisskipulagstillögu</p> <p>Óskað er eftir umsögnum og athugasemdum við auglýsta tillögu. Leggja skal fram samantekt á umsögnum og viðbrögð við þeim</p>	24. gr. gr. 3.6.3.
Staðfest skipulag	<p>Tillaga til umfjöllunar</p> <p>Svæðisskipulagsnefnd fjallar um tillögu, tekur afstöðu til athugasemda og hugsanlegra breytinga á tillögu og afgreiðir til sveitarstjórna.</p> <p>Hlutaðeigandi sveitarstjórnir fjalla um tillöguna og afgreiða</p> <p>Svæðisskipulagsnefnd leggur samþykkt svæðisskipulag fram til staðfestingar</p> <p>Skipulagsstofnun yfirfer skipulag og staðfestir</p> <p>Stofnunin staðfestir skipulagið með birtingu í B-deild stjórnartíðinda. Telji stofnunin þörf á lagfæringum á samþykktu skipulagi kallar hún eftir því og yfirfer að nýju*</p> <p>Skipulagsstofnun birtir staðfest skipulagsgögn</p>	1-2. mgr. 25. gr. gr. 3.7.1. 3-4. mgr. 25. gr. gr. 3.7.2. 5. mgr. 25. gr.

*Telji Skipulagsstofnun að synja beri eða fresta staðfestingu skipulagsins sendir stofnunin tillögu um það til ráðherra

Mikilvægt að hafa í huga

- Svæðisskipulagsnefnd er skipuð af sveitarstjórnunum og skipunartíminn rennur út í lok kjörtímabils sveitarstjórnar í maí 2026.
- Nýjar sveitarstjórnir þurfa að skipa tvo fulltrúa í nýja nefnd. Svæðisskipulagsnefnd á að vera starfandi þar sem svæðisskipulag er í vinnslu og einnig eftir að það tekur gildi.




Markaðstofa

Vestfjarða

Verkefni Markaðsstofunnar/Áfangastaðastofu

- Kynning og upplýsingar
 - Almenn kynning á landshlutanum
 - Westfjords.is
 - Samfélagsmiðlar
 - Blaðamannaferðir
 - Sölusýningar
 - Almyrkvi
- Þróun
 - Áfangastaðaáætlun
 - Vetrarferðaþjónusta
 - Vestfjarðaleiðin
 - Þétting þjónustunets Vestfjarðaleiðarinnar
 - Skemmtiferðaskip
 - Göngu- og hjólaleiðir
 - Almyrkvi

Fjármögnun og samvinna



Áfangastaðaáætlun

- Ný Áfangastaðaáætlun á netinu

<https://www.westfjords.is/afangastadaaaetlun>

- Áfangastaðaáætlun Vestfjarða er heildstæð áætlun um þróun ferðaþjónustu á Vestfjörðum, þar sem horft er til samspils náttúru, samfélags, atvinnulífs og innviða. Í áætluninni er dregin saman staða ferðaþjónustu á svæðinu, sett fram framtíðarsýn og skilgreind markmið og áherslur til næstu ára.
- Byggir á samráði við íbúa, ferðaþjóna, sveitarfélög og hagaðila
- Framkvæmdasjóður ferðamannastaða





Vestfjarðastofa



Fjórðungssamband

Vestfirðinga